

Ed.

153. Breytingartillögur

við frv. til laga um iðju og iðnað.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »en handiðnæ komi: og heimilisiðnað.
2. Við 8. gr. Á eftir orðunum »og getur hann þá« komi: innan þriggja mánaða.
3. Við 10. gr. Fyrir orðin »eða framhaldi hans« komi: eða til breytingar á honum samkvæmt fyrri málsg. 9. gr.
4. Við 13. gr. Á eftir orðunum í 1. málsg. »reka iðnað (sbr. 1. gr.)« komi: annan en heimilisiðnað.
5. Við 13. gr. Fyrir »16 ára« undir staflíð 1. komi: 21 árs.
6. Við 14. gr. Síðustu málsgrein skal orða svo: Nú vill fjelag eða stofnun reka iðnað í kaupstað, og skal þá forstöðumaður hafa iðnbrjef.
7. Við 15. gr. Greinina skal orða þannig:

Rjett er ekkju að halda áfram iðnaði látins manns síns, enda hafi hún forstöðumann, er sveinsbrjef hafi í iðninni. Með sama skilyrði má erfingi, 16 ára eða eldri, reka iðnað arfleifanda þar til hann er fjárráður.

Bú aðilja, er rak iðnað, má og halda þeim rekstri áfram að því leyti, sem hann er þáttur í skiftameðferð búsin.
8. Við 17. gr. Málslíður 2. orðist þannig:

Hafa unnið að minsta kosti 3 ár samtals hjá meistara og sem iðnaðarrekaði með iðnbrjeft.
9. Á eftir 17. gr. komi ný grein, er verður 18. gr., þannig:
 1. Nú er í einhverjum kaupstað enginn sá fyrir, er rekur tiltekna grein iðnaðar, og getur þá lögreglustjóri veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
 2. Nú eru ekki í kaupstað nægilega margir, að dómi bæjarstjórnar, er reka tiltekna grein iðnaðar með iðnbrjeft samkv. 14. gr., og getur lögreglustjóri þá veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, ef bæjarstjórn mælir með því, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
 3. Veita má lögreglustjóri þeim, er iðnbrjef hefir fengið, heimild til að taka nemendur til verklegs náms, ef bæjarstjórn mælir með því.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
10. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:

Í byggingarsamþykktum kaupstaða má ákveða, að enginn megi veita húsabyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar. Ef aðrir taka að sjer framkvæmd slikra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.
11. Við 23. gr. Fyrir »500 kr.« komi: 100 kr.
12. Við 26. gr. Orðin »Þó er þeim óheimilt að reka eftir þann tíma iðju fleiri tegunda en þeir hafa áður rekið« falli burt.